



„Það eru líka skemmtileg samtöl sem eiga sér stað í músikinni því formið á henni er þannig að þar skiptast á sóló og samleikur,“ segir Hlíf sem hér er með öðrum fiðluleikara í Spiccato, Martin Frewer. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tónlistinni fylgja töfrar sem bæta manninn

**T**ólf manna strengja-sveitin Spiccato heldur tónleika í Listasafni Sigurjóns á Laugarnestanga í dag. Þeir hefjast klukkan 17.15 og andi barokks svifur þar yfir. Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari er ein tólfmenninganna og hún verður fyrir svörum þegar aflað er upplýsinga um dagskrána.

„Við erum að spila verk eftir Telemann og Locatelli, Torelli og Hollendinginn Wassenau. Þeir voru uppi á tímabilinu 1680 til 1760-70. Það er sem sagt barokktíminn og okkur langaði að spila þessa músík því hún heyrst sjaldan en er strengjavæn og vel skrifuð.“

Hvar kynntust þið henni? „Nú liggur allt á netinu, þar er hægt að fara á YouTube og heyra hvernig verk hljóma og yfirleitt er auðvelt að finna nótur þar líka. Þetta sem við erum að spila núna er óvernduð músík svo valið er innan þægindarammans, þannig séð.“

Hlíf árettar að tónlistin sé flott. „Bæði gerir hún kröfur til flytjendanna en um leið fær maður mikið út úr henni,“ lýsir hún. „Það eru líka skemmtileg samtöl sem eiga sér stað í músikinni því formið á henni er þannig að þar skiptast á sóló og samleikur.“

Hlíf segir æfingar sveitarinnar Spiccato lýðræðislegar. Þar skiptist fólk á skoðunum um túlkun tónverkanna og allir fái tækifæri til að koma fram sem einleikarar. „Það er svona grasrótarmening í gangi sem er svo mikilvægt að rækta – þó við séum ekki alltaf sammála. Við þroskum okkur með þessu fyrirkomulagi því þar er höfðað til framkvæmdahvatar og

### Lítið eitt um Spiccato

Hljómsveitin Spiccato var stofnuð árið 2012 af hópi strengjaleikara. Þar ríkir jafnræði milli hljóðfæraleikaranna og enginn einn stjórnar. Á þessum rúmum fimm árum hefur sveitin haldið 11 tónleika, flesta í Reykjavík.

#### Þessi strjúka strengina:

Fiðlur: Martin Frewer  
Hlíf Sigurjónsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ágústa Jónsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Maria Weiss  
Sigrún Harðardóttir  
Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir

Lágfiðlur: Sarah Buckley og Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló: Þórdís Gerður Jónsdóttir  
Bassi: Páll Hannesson



**OKKUR LANGAÐI AÐ SPILA ÞESSA MÚSÍK ÞVI HÚN HEYRIST SJALDAN EN ER STRENGJAVÆN OG VEL SKRIFUÐ.**

ábyrgðar hjá hverju og einu og tónlistinni fylgja töfrar sem bæta manninn,“ segir hún og klykkir út með afbrigðs lokaorðum. „Lífs-gæði verða ekki talin í aurum en okkur líður vel í þessu samstarfi.“  
gun@frettabladid.is